

Afbrotatölfræði

September 2009

Bráðabirgðatölur fyrir allt landið




RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Hér eru birtar niðurstöður greiningar á afbrotatölfræði fyrir september 2009. Til samanburðar er horft til sama mánaðar síðustu ára.

Hegningarlagabrot voru 1.204 sem er tæpum 7% færri brot en á síðasta ári (mynd 1). Umferðarlagabrotum hefur fækkað síðustu tvö árin en þau voru 3.655 í september. Þau voru óvenju mörg árið 2005 eða yfir 5.300. Fíkniefnabrotum fækkar verulega milli ára eða um 47%. Þau voru í september síðastliðnum 83 en 156 árið á undan. Þegar horft er til síðustu fimm ára sést að fjöldi þessara brota sveiflast milli ára.

Hraðakstursbrotum fækkar milli ára um 19% en um 28% ef horft er aftur til ársins 2007. Þjófnaðarbrotum fækkar einnig en eignaspjöllum fjölgar lítillega eða um 10 brot. Innbrotum fjölgar um 14% en um 46% ef horft er til samanburðar við árið 2007. Töluverð fækkun er á ölvunarakstursbrotum, fíkniefnabrotum og áfengislagabrotum (tafla 1).


Nú í október verður gefin út afbrotatölfræði skýrsla ríkislögreglustjóra fyrir árið 2008. Þar kemur m.a. fram að heildarfjöldi brota var 75.246 á síðasta ári. Umferðarlagabrot voru 75% allra brotanna, hegningarlagabrotin 19% og sérrefsilagabrot tæp 6%. Þetta er svipað hlutfall og var á árunum 2006 til 2007 (mynd 2). Niðurstöður skýrslunnar sýna að innbrotum og þjófnuðum fjölgar mikið en þessi brot voru yfir 7.000 á síðasta ári. Hraðakstursbrotin voru tæplega 40.000 og hafa aldrei verið fleiri. Áfengislagabrotum og fíkniefnabrotum fækkar hinsvegar milli ára.



Mynd 1. Fjöldi brota í september 2005-2009 eftir tegund brots.

Tafla 1. Fjöldi í helstu brotaflokkum í september 2007, 2008 og 2009.

	Sept. 09	Sept. 08	Sept. 07
Hraðakstursbrot	2.726	3.369	3.777
Þjófnaðarbrot	377	420	309
Eignaspjöll	247	237	307
Innbrot	310	271	212
Ölvun við akstur	102	147	170
Fíkniefnabrot	83	156	132
Áfengislagabrot	33	64	107
Líkamsárás (217.-218. gr.)	88	107	119
Akstur gegn rauðu ljósi	26	34	72
Nytjastuldur	31	32	25



Mynd 2. Skipting brota árið 2006-2008.

Afbrotatölfræði

September 2009

Bráðabirgðatölur fyrir allt landið



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Tafla 2. Fjöldi brota í september 2007, 2008 og 2009 greint eftir umdæmum.

Umdæmi	Hegningarlagabrot			Umferðarlagabrot*			Fíkniefnabrot		
	2009	2008	2007	2009	2008	2007	2009	2008	2007
Akranes	17	13	18	96	127	77	1	2	1
Akureyri	71	73	57	129	121	160	1	18	2
Blönduós	6	4	4	158	192	240	0	2	1
Borgarnes	19	19	11	885	501	1.356	2	1	3
Eskifjörður	15	6	13	161	228	66	0	3	0
Húsavík	18	4	12	53	22	33	0	0	2
Hvolsvöllur	15	7	7	101	117	253	0	1	0
Höfuðborgarsvæðið	886	895	851	1.580	2.460	2.172	51	87	86
Sauðárkrókur	6	13	5	39	36	51	9	3	0
Selfoss	52	75	37	175	144	170	3	10	2
Seyðisfjörður	2	11	18	80	133	126	1	1	1
Snæfellsnes	6	8	3	15	37	134	0	0	1
Suðurnes	77	98	100	144	396	405	12	17	23
Vestfirðir	6	45	8	25	31	59	1	5	8
Vestmannaeyjar	8	22	19	14	10	19	2	6	2
Alls	1.204	1.293	1.163	3.655	4.555	5.321	83	156	132

*Stafrænar hraðamyndavélar eru í umdæmi lögreglunnar í Borgarnesi, á Eskifirði, á höfuðborgarsvæðinu (Hvalfjarðargöng) og á Suðurnesjum.

Í september síðastliðnum voru hegningarlagabrot 1.204 sem er 89 brotum færri en á sama tíma í fyrra. Flest brot voru skráð hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu eða 886. Færri brot voru hjá öðrum embættum en hjá lögreglunni á Suðurnesjum voru þau 77 og 71 hjá embættinu á Akureyri.

Umferðarlagabrot voru 3.655 sem eru heldur færri brot en árið á undan en þá voru þau 4.555. Þetta jafngildir tæplega 20% fækkun á milli ára. Í umdæmum lögreglunnar á Akureyri, í Borgarnesi, á Húsavík, Sauðárkróki, Selfossi og í Vestmannaeyjum er fjölgun milli ára en í öðrum umdæmum fækkar umferðarlagabrotum.

Fíkniefnabrotum fækkar um 47% milli ára og voru þau 83 í september. Flest hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, á Suðurnesjum og Sauðárkróki. Hjá fimm embættum voru engin fíkniefnabrot.

Aðferðir og gögn

Hér eru birtar upplýsingar um stöðu brota eins og þau voru í málaskrá lögreglu þann 14. október og eru tölur fyrir árið 2009 bráðabirgðatölur.

Hraðakstursbrot sem rekja má til stafrænna hraðamyndavéla eru nú skráð undir embættin þar sem brotin eiga sér stað.

Við samantekt tölulegra upplýsinga eru tilgreind öll brot sem tilkynnt voru lögreglunni. Önnur verkefni sem lögregla sinnir koma ekki fram í samantektinni. Hafa ber í huga að eitt atvik getur falið í sér fleiri en eitt brot. Til dæmis getur maður sem er stöðvaður vegna umferðarlagabrots fengið í sama máli kæru fyrir fíkniefni sem fundust í fórum hans.